



FORNLEIFAR Á HÓLUM Í HJALTADAL

Fornleifar á Hólum í Hjaltadal.
© Hólarannsóknin 2010.

Texti: Eva Kristín Dal og Ragnheiður Traustadóttir.

Hönnun: Eva Kristín Dal og Anna Rut Guðmundsdóttir.

Teikningar: Eavan O'Dochartaigh.

Prófkort og ráðgjöf: Þór Jónsson.

Prentun: Nýprent.

Útgáfu bæklingins styrkti menningarráð Norðurlands vestra og Guðbrandsstofnun.

Helstu samstarfsaðilar 2002-2010: Byggðasafn Skagfirðinga, Þjóðminjasafn Íslands, Háskólinn í Osló, Dýrafraeðistofnunin í Kaupmannahöfn, Háskólinn í Falun, Víkingasafnið í Hróarskeldu, Societas Archaeologica Upsaliensis, Háskólinn í Uppsölum, Þjóðminjasafn Danmerkur, Þjóðminjavarðarembætti Sviþjóðar RAÄ, Örnefnasvið Stofnunar Árna Magnússonar, Kontoret för Keramiska Studier, Landhelgisgæslan, Fornleifadeild við UCLA, Andrew Fiske Memorial fornleifastofnunin við UMass Boston, Borgarminjasafn Stokkhólms.

Svæði D



Svæði A, B og C



Svæði F



Svæði E



Hólarannsóknin

Fornleifar á Hólum í Hjaltadal

Hólar í Hjaltadal

Hjaltadalur liggur við austanverðan Skagafjörð og er umvafinn háum fjöllum. Hólastaður er fyrir dalnum miðjum. Á Hólum er fornt höfuðból og menntasetur og var þar biskupsstóll Norðlendinga um sjö alda skeið og réttnefnd vagga prentlistar á Íslandi. Á Hólum er nú embætti vígslubiskups. Þar stendur dómkirkja sem reist var á árunum 1757-1763 úr grjóti úr Hólabyrðu, fjallinu sem gnæfir yfir staðnum. Kirkjan var eitt fyrsta steinhús landsins. Hún geymir ýmsa merkilega kirkjugripi á borð við altarisbrík sem talið er að Jón Arason biskup hafi gefið til hennar á 16. öld. Árið 1950 var reistur klukkuturn við kirkjuna til minningar um hann.

Hólar eru um þessar mundir líklega þekktastir fyrir að hýsa Hólaskóla. Hann á rætur að rekja til búnaðarskólans sem var stofnaður að Hólum árið 1882. Hlutverk skólans hefur breyst nokkuð í

tímans rás og starfsemi hans lagað sig að breyttum aðstæðum. Hann hefur starfað sem háskólastofnun frá árinu 2003 og boðið upp á nám til háskólagráðu.

Hvenær byggðust Hólar?

Hóla er hvorki getið í Landnámu né Íslendingasögum. Landnáma segir hins vegar frá því að Hjalti, sonur Þórðar skálps, hafi numið Hjaltadal og búið að Hofi sem er skammt suður

af Hólum. Ekki er vitað hvenær Hólar urðu höfuðból Hjaltadals eða hvernig það bar að. Þar til nýverið var talið að Hof hefði farið í eyði í kjölfar þess að Hólar byggðust upp á 11. öld. Fornleifarannsóknir benda hins vegar til þess að Hólar hafi líklega verið í byggð allt frá landnámi og að búið hafi verið á Hofi fram á 13. öld og staðurinn eftir það verið nytjaður frá Hólastað. Búskapur var tekinn upp á ný á Hofi á 19. öld.



Horft yfir Hólastað.

Til er þjóðsaga sem segir frá því hvernig mörk biskupsdæmanna urðu til

„Biskuparnir í Skálholti og á Hólum gátu ekki orðið alls kostar á eitt sáttir um takmörkin á biskupsdæmum sínum, en settu þó Biskupsvörðu sem er milli Þingeyjarsýslu og Norður-Múlasýslu fyrir takmark á þá hliðina að norðan og austan lengst og komu sér svo saman um að þeir skyldu ríða þaðan báðir, Hólabiskup fyrir norðan land, en Skálholtsbiskup fyrir sunnan, hringinn í kring, og þar sem þeir mættust skyldi takmarkið vera á hina hliðina milli biskupsdæmana. Eftir það reið Skálholtsbiskup dag og nótt sem mest hann mátti og hestarnir gátu farið og kom loksins dauðmóður (lafmóður) þangað sem mótin eru. En aftur er það frá Hólabiskupi að segja að hann fór hægt yfir landið og tók ekki væst upp á sig, enda var hann ólúraður og sællegur þegar hann mætti embættisbróður sínum. Þeir hittust við suðurendann á Hrútafirði og því hafa takmörk biskupsdæmanna verið haldin eftir þeim firði miðjum jafnan síðan.“ (Jón Árnason. Íslenskar þjóðsögur og ævintýri II, 1954: 74 - 75).



Stofnun Hólastóls

Biskupsstóllinn var settur að Hólum í Hjaltadal árið 1106. Tildrög þess voru þau að Norðlendingar fóru þess á leit við Gissur Ísleifsson biskup, sem þá sat í Skálholti, að settur yrði á fót biskupsstóll í þeirra fjórðungi. Norðlendingafjórðungur var þá fjölmennasti og auðugasti landshlutinn. Um ástæður beiðninnar er ekki hægt að fullyrða en líklega hafa pólitísk sjónarmið legið þar að baki. Norðlendingum hefur væntanlega þótt sárt að sjá eftir tíund sinni suður á land auk þess sem langt var að fara til Skálholts. Gissur varð við beiðni Norðlendinga og var biskupsdæminu því skipt í tvennt, Hólabiskupsstól tilheyrði Norðlendingafjórðungur en aðrir landshlutar Skálholtsstól.

Hvers vegna urðu Hólar fyrir valinu?

Engar heimildir eru fyrir því hvers



Séð yfir Hólastað.

vegna Hólar urðu fyrir valinu sem biskupsstóll. Vandað hefur verið til valsins því að biskupsstóllinn var miðstöð fjórðungsins og höfuðból. Hann hefur að auki þurft að hafa ýmsa kosti að bera. Að biskupsstólnum þurfti að vera greiðfært úr biskupsdæminu öllu og ekki mátti heldur vera langt í þjóðleiðir sem lágu milli landshluta. Góð höfn þurfti einnig að vera nálæg. Aðdrættir

þurftu sömuleiðis að vera góðir því að rekstur stólsins krafðist ýmislegs aðflutts varnings. Bújörðin varð einnig að vera góð og gjöful. Biskupsstóllinn þurfti að auki að vera svo nærri miðju Norðlendingafjórðungs sem kostur var á en sú forsenda hefur væntanlega útilokað ýmsar álitlegar jarðir í Þingeyjarsýslu og Húnaþingi.

Hafnir í nágrenni Hóla

Kapólska kirkjan var alþjóðleg stofnun og því var mikilvægt að biskupar ættu greiðan aðgang að samgöngum við önnur lönd. Ekki mátti heldur vera langt að fara með innfluttan varning að biskupsstólnum. Þess vegna var nauðsynlegt að hafa góða höfn nálægt stólnum. Tvær hafnir voru skammt frá Hólum; í Kolkuósi og á Hofsósi. Að auki var greiðfært frá Hólum að aðalhöfn Norðlendinga að Gásum í Eyjafirði.

Höfnin í Kolkuósi var aðalhöfn biskupsstólsins. Hún er tæplega 20 km norður af Hólum við ána Kolku, en í henni eiga Hjaltadalsá og Kolbeinsdalsá sameiginlegt útfall. Höfnin var ein af aðalhöfnum Skagafjarðar frá landnámi fram á 16. öld. Náttúrulegar aðstæður þar til skipalægis voru einkar góðar því Elínarhólmi, klapparhólmi sem áður var landfastur, veitti skjól fyrir norðanáttinni. Ágangur sjávar hefur hins vegar brotið mikið af landsvæði við Kolkuós í aldanna rás og spillt gæðum hafnarinnar.

Fornleifarannsókn hefur staðið yfir við Kolkuós síðan árið 2003 á vegum Hólarannsóknarinnar. Áhersla er lögð á að rannsaka það minjasvæði sem er í mestri hættu frá sjónum, á mjóum tanga milli Kolku og sjávar. Fornleifarannsóknin hefur leitt í ljós að þar hafa staðið verslunarbúðir og önnur mannvirki sem tengdust m.a. járnvinnslu, fiskveiðum og öðru handverki. Ýmsir gripir sem benda til innflutnings hafa einnig fundist þar, svo sem brýni, bátasaumar, tinna og leirkerabrot. Að auki hafa þar fundist leifar varnings ætluðum yfirstéttinni, þar á meðal bein smáhunda, sem voru stöðutákn á miðöldum. Við neðansjávarannsóknir við ósinn fannst einnig akkeri sem smíðað var á víkingaöld eða miðöldum.




Horft yfir Kolkuós. Fornleifarannsóknin fer fram yst á tanganum sem gengur út í ósinn.



Séð út í Elínarhólma.



Eldstæði.



Kambur úr horni frá miðöldum.



Hér sést í eina af búðunum sem grafnar voru upp.



Kolagröf.



Vaðsteinn fyrir netaveiðar.



Heiðin gröf.



Séð yfir Kolkuós.



Hákarlatennur.

Biskupsstóll í nær sjö aldir

Fyrsti Hólabiskup var Jón Ögmundarson. Hann rak stólinn af miklum glæsibrag og á skömmum tíma varð Hólastóll önnur af valdamestu og auðugustu stofnunum landsins. Stóllinn hvíldi á sterkum lagalegum stoðum og hafði mikil áhrif á daglegt líf og skoðanir fólks. Hólastóll eignaðist jarðir víða um Norðlendingafjórðung. Þær voru byggðar leiguliðum sem guldu stólnum leigu í fé, kjöti, smjöri, fiski og annarri gjaldgengri vöru. Við lok 14. aldar var algengt að kvaðir fylgdu jörðunum um að þar skyldi alinn ákveðinn bústofn í eigu dómkirkjunnar. Undir stjórn Jóns Ögmundarsonar urðu Hólar mikið menningarsetur og höfuðstaður Norðurlands. Hann setti á stofn skóla fyrir prestsefni á Hólum í biskupstíð sinni. Skólinn var nokkurs konar háskóli að evrópskri fyrirmynd og voru þangað ráðnir erlendir menn til kennslu. Um



Mynd af Hólastað úr ferðabók Ebenezers Henderson frá 1818.

tíma var öflug prentsmiðja starfrækt á Hólum. Guðbrandur Þorláksson, biskup 1571-1627, er líklega þekktastur fyrir bókaútgáfu en frá biskupstíð hans eru um 100 bækur þekktar. Hólastóll starfaði í tæpar sjö aldir þar til hann var lagður niður að konungsboði árið 1802. Þá

höfðu 36 biskupar setið á stólnum, 22 í kaþólskum sið en 14 í lúterskum.

Heimildir um staðinn

Ógrynni af heimildum er að finna um Hólastað og þá sérstaklega á seinni öldum. Helstu heimildir eru



í biskupsögum, fornbréfasafni og bréfabókum biskupa, eignaskrá og úttektum frá 17. og 18.öld. Úttektirnar, sem eru varðveittar í handriti á Þjóðskjalasafninu, hafa verið rannsakaðar samhliða fornleifarannsókn á Hólum sem nefnist Hólarannsóknin og þær skrifaðar upp. Hólastaður var tekinn út þegar nýr biskup tók við embætti og lýsa þær skýrslur húsakosti og öðrum eignum stólsins.

Hólarannsóknin

Hólarannsóknin hófst formlega árið 2002. Hún er samstarfsverkefni Háskólans á Hólum, Byggðasafns Skagfirðinga og Þjóðminjasafns Íslands. Hólarannsóknin hefur m.a. hlotið styrki frá Kristnihátíðarsjóði, Fornleifasjóði, Þjóðhátíðarsjóði, Rannís og Menningarráði norðurlands vestra. Þó að aðaluppgriftarsvæði rannsóknarinnar sé á Hólum hefur hún teyggt anga sína víða

um Skagafjörð, m.a. að Hofi í Hjaltadal, Kolkuósi og Keldudal í Hegranesi. Á Hólum er að auki rekinn vettvangsskóli fyrir fornleifafræðinema, bæði innlenda og erlenda, í samstarfi við Háskóla Íslands og Háskólann í Osló.

Markmið

Markmið Hólarannsóknarinnar eru fjölpætt. Rannsóknin miðar m.a. að því að kanna efnahag biskupsstólsins á Hólum og lífshætti yfirstéttarinnar á Íslandi á mismunandi tímum. Tilgangurinn er einnig að skoða skipulag „þorpsins“, þ.e. húsabyrpinga sem eitt sinn stóðu á Hólum sem og húsagerð. Enn fremur er áhersla lögð á að kanna samband Hóla við aðra staði svo sem Hof í Hjaltadal, Kolkuós og klaustrin á Þingeyrum og Reynistað auk þess að leggja grunn að þverfaglegum rannsóknum á Hólum. Við rannsóknina er því ýmsum þverfaglegum aðferðum

Prentsmiðja á Hólum

Á Hólum starfaði prentsmiðja með hléum frá 16. öld til loka 18. aldar. Talið er að hún hafi verið flutt til landsins um 1530 að ráði Jóns biskups Arasonar og verið sett að Hólum. Eigandi prentsmiðjunnar, Jón Mattheusson, lét hins vega flytja hana að Breiðabólstað í Vesturhópi þar sem hann var prestur. Guðbrandur Þorláksson keypti prentsmiðjuna og setti hana upp á Hólum þegar hann tók við biskupsembætti. Í hans tíð fór fram mikil bókaútgáfa. Guðbrandur lét flytja prentsmiðjuna að Núpufelli í Eyjafirði en nokkrum árum síðar aftur að Hólum. Prentsmiðjan var nær eingöngu notuð til að prenta guðs orð. Þekktasta verkið sem gefið var út á Hólum er án efa Guðbrandsbiblía, íslensk þýðing Biblíunnar, sem kom út í tíð Guðbrands. Undir lok 17. aldar var prentsmiðjan um skeið í Skálholti en var flutt um aldamótin 1700 aftur norður yfir heiðar. Hún var að Hólum þar til árið 1799 þegar hún var flutt samkvæmt konungsboði suður að Leirárgördum. Prentshús hefur því líklega staðið á Hólum í tæpar þrjár aldir.



Prentstafir sem fundust í gólflögum prentshússins.

beitt. Þeirra á meðal eru fjarðannir, skordýragreining, gjóskulagafræði, frjókornagreining, C-14 aldursgreining (kolefnisgreining), dýrabeinagreining, örnefnafræði og DNA-rannsóknir.

Aðferðir

Uppgröfturinn fer að mestu leyti fram með múrskaiðum, einu helsta vopni fornleifafræðinga, og skóflum. Þar sem við á, t.d. í gólflogum, er jarðvegurinn sigtaður til að koma í veg fyrir að smáir gripir tapist. Jarðvegssýni eru að auki tekin og þau rannsókuð af sérfræðingum á vegum Hólarannsóknarinnar, m.a. með tilliti til plöntuleifa og skordýra en slíkar greiningar geta t.d. gefið vísbendingar um notkun og starfsemi einstakra húsa. Uppgraftaraðferðin, sem notuð er á Hólum, nefnist á ensku single context og vísar nafnið til þess að hver stakur hluti mannvistarleifanna, jarðlag eða mannvirki er grafinn upp og skráður sér.



Starfsmenn Hólarannsóknarinnar við uppmælingar á fornleifum.

Þannig eru efstu og yngstu minjarnar rannsakaðar fyrst en því dýpra sem grafið er þeim mun eldri minjar koma upp. Þessi aðferð hentar vel þar sem byggð hefur lengi verið samfelld líkt og á Hólum. Hólarannsóknin styðst við háþróaðan hugbúnað, Intrasis, en í hann eru skráðar allar upplýsingar við uppgroftinn. Hver hluti fornleifanna er hnitsettur

og hæðarmældur með hjálp alstöðvar á uppgriftarsvæðinu. Hugbúnaðurinn tekur við upplýsingunum og heldur utan um allt sem viðkemur rannsókninni, t.d. jarðlög, mannvirki, gripi, ljósmyndir og upplýsingar um staðhætti. Intrasis vinnur með öðrum forritum sem hægt er að nota til kortagerðar og frekari greiningar á upplýsingunum.



4 Prentúsið var hlaðið úr torfi og grjóti.



6 Eldhús með ofni og hlóðum.



7 Hús 7 er stærsta húsið sem grafið hefur verið upp.

Svæði D





8 Í húsi 8 var hugsanlega stofa.



12 Smiðja.



15 Óþekkt notkun.



9 Búr.



13 Búr.



16 Óþekkt notkun.



11 Lítið rými fyrir ofan hús 7.



14 Fjós eða útihús.



17 Óþekkt notkun.



Svæði D er stærsta uppgriftarsvæðið á Hólum.

Fornleifarnar

Menntamálaráðherra tók fyrstu skóflustunguna á uppgriftarsvæðinu með múrskel 1. júlí 2002. Sex uppgriftarsvæði höfðu verið skilgreind með hjálp viðnáms- og leiðnimælinga. Með slíkum mælingum má greina hvort mannvistarleifar leyrist undir sverðinum. Niðurstöður þeirra voru bornar saman við túnakort sem til eru af staðnum, hinu elsta frá 1887, og féllu þær ágætlega að kortunum. Þær voru síðan notaðar til að staðsetja uppgriftarsvæðin. Svæðin voru nefnd eftir fyrstu bókstöfum stafrófsins. Þrjú þeirra, A, B og C, eru fyrir framan kirkjuna, D og E eru fyrir neðan veg sunnan við kirkjuna og F undir sunnanverðum kirkjugarðsveggnum.

Svæði A, B og C

Svæði A reyndist raskað vegna framkvæmda við kirkjugarðsvegginn. Þar voru þó greinileg mannvistarlög,



Uppgröftur á svæði A.



Fornleifafræðingar að störfum. Svæði B (fjær) og svæði A (nær).

m.a. torf, sem talið er að hafi tilheyrt eldri kirkjugarðsvegg, og hálfunninn snældusnúður. Á svæði B var öskuhaugur samkvæmt túnakorti af Hólum. Þversnið var grafið í gegnum svæðið og í ljós komu mörg mannvistarlög; torfveggir, gólfslag og leifar af öskuhaug. Í neðstu lögunum fundust bókunarhellur og pottabrot úr klébergi frá fyrstu tímum biskupsstólsins. Engar fornleifar reyndust vera á svæði C.

Svæði D

Á svæði D stóðu bæjarhúsin og prentsmiðjan á Hólum. Þegar svæðið var opnað komu í ljós umfangsmiklar minjar. Áður hafði verið óttast að þær væru nokkuð skaddaðar þar sem sléttað hafði verið yfir bæjarstæðið og tré gróðursett. Að auki hafði stytta af Jósef J. Björnsson, fyrsta skólustjóra bændaskólans á Hólum, verið reist í trjálundinum og náði grunnur hennar tvo metra niður í jörð. Í ljós kom þó að flestar

minjarnar sem eru eldri en frá árinu 1800 voru að mestu óhreyfðar. D nefnist aðaluppgriftarsvæðið á Hólum og hafa nú þegar tíu hús verið rannsökuð þar, þau elstu frá um 1600. Rannsókn á fimm þeirra er langt á veg komin og verður fjallað um þau stuttlega hér að aftan.

Hús 4 - Prentúsið

Áður en ráðist var í fornleifauppgröft var nokkurn veginn vitað hvar prentúsið hafði staðið á Hólum, í suðvesturhluta uppgriftarsvæðisins. Staðfesting á tilvist og staðsetningu hússins leyndist í gólfplögum þess því að hvorki fleiri né færri en 1400 prentsátur með prentstöfum fundust þar. Flest eru prentsátrín úr blýi og er hægt að greina bókstafina á mörgum þeirra. Einn prentstafur var hins vegar úr tré

og var lettrað B á hann. Fleiri prentsátur hafa fundist á víð og dreif um svæði D en hvergi í jafnmiklum mæli og í prentúsinu. Meðal þess sem fundist hefur í prentúsinu er bókasjald úr leðri, leðurtætlur aðrar, leirker, hnappar, leðurskór og kertapípur.

Prentúsið var hlaðið úr torfi og grjóti og eru byggingarskeið þess ekki færri en þrjú. Húsið skiptist í tvö herbergi og var svefnloft ofan við þau. Gler var

í gluggum og veggir og gólf þiljuð. Hluti gólfinsins var þó lagður leirflísum. Flísarnar voru 15 x 15 sm að stærð og glerjaðar með grænum glerung. Þær hafa líklega verið framan við kakalofn sem stóð í prentúsinu. Kakalofnar voru fáséður munaður á miðöldum á Íslandi. Ofninn hefur verið mikið stáss auk þess sem hann ornaði prentsmiðnum og eyddi raka í prentúsinu. Fjölmörg brot hafa fundist úr ofninum. Ofnflísarnar



Mynd: Brot úr kakalofninum. Hægt er að sjá hluta af myndskreytingunum á þeim.



Prentúsið.

voru fagurlega skreyttar og málaðar með grænum glerungi, dekkri en á gólflísunum. Myndefni þeirra er í anda endurreisnartímabilsins og sýnir höfuðdyggðirnar og lífshlaup mannsins. Kakalflísarnar hafa verið aldursgreindar til tímabilsins 1550-1650. Tvær

undirstöður, hvor frá sínu byggingarstigi hússins, benda til þess að kakalofninn hafi verið færður til og staðið á sitt hvorum staðnum, þó áreiðanlega ekki á sama tíma. Talið er að bæði gólflísarnar og kakalofnarnir hafi verið fluttir inn frá Þýskalandi.

Fyrstu heimildir um ofn á staðnum eru í úttektum frá 1685. Ekki er minnst á prentúsin eða kakalofn í úttektum frá 1624 eða 1657. Í heimildum má greina merki nokkurrar togstreitu um eignarhald prentsmiðjunnar. Það má því ætla að fram að úttektinni hafi hún, og þá prentúsin, verið í eigu biskupsins en eignarhaldið hafi þá flust yfir á stólinn sjálfan.



Endurgerð af ofninum.



Hús 7

Austan við prenthúsið eru leifar mannvirkis sem virðist hafa verið sjálfstæð eining og ekki tengst öðrum húsum á svæðinu. Hús 7 er stærsta húsið sem grafið hefur verið upp á staðnum og er gólfhlötur þess um 50 fermetrar. Varðveisluskilyrði í gólfhlögum þessa húss eru óvenju góð og hafa textíl- og leðurleifar fundist í miklu magni. Hús 7 hefur þess vegna hlotið nafnið Textílhúsið í daglegu tali. Leifarnar benda til þess að þarna hafi hugsanlega verið vefstofa eða geymsla fyrir vefnað. Þeir gripir sem mesta athygli hafa vakið í þessu húsi eru gullþráður, örsmáar glerperlur og skór úr lopa og leðri.



Að auki fundust níu kljástearnar í einu horni hússins en þeir voru notaðir til að strekkja á vefnaði í vefstól.

Hús 6, 8 og 9

Skammt austan við prentsmiðjuna er þyrping mannvirkja sem tengjast með gangi. Talið er að þar hafi verið eldhús (6), stórt herbergi (8) og búr (9). Norðan af því hefur líklega verið annað búr (13) en það er mikið skemmt.

Í eldhúsinu voru ofn og hlóðir. Hlóðirnar voru 1,4 x 1,4 m að stærð og í þeim sót og aska. Viðarþröskuldur var við innganginn. Búrið var til móts við



Eldhúsið (hús nr.6).



eldhúsið. Fyllt hafði verið upp í það með rusli og móösku en undir þessum lögum komu í ljós hellur við norðausturvegginn. Talið er að á þeim hafi staðið sáir, keröld sem í var geymdur matur.


Hlutverk húss (8) sem liggur samsíða og við hliðina á eldhúsinu er óþekkt. Það hús er nokkuð stórt, um 16 fermetrar, og gólfíð að hluta til lagt viðargólfi og veggir líklega þiljaðir. Það er hugsanlegt að hér sé komin biskupsstofa sem getið er um í heimildum. Frekar fáir gripir hafa fundist í góflögum herbergisins en helstu gripir eru leirker, krítarpípur og gler.

Svæði E

Samkvæmt túnakortum var öskuhaugur Hólastaðar á svæði E. Hann sást greinilega þar til tún voru sléttuð og var um 30 x 30 m að stærð. Öskuhaugar eru sérstaklega áhugaverðir fyrir fornleifafræðinga og í haugnum á Hólum reyndust varðveisluskilyrði afar góð. Þar gafst því einstakt tækifæri til að rannsaka plöntuleifar, skordýr og bein. Efri hluta haugsins hafði þó verið umturnað sem gerði aldursgreiningu á jarðlögum afar erfiða og stundum ómögulega. Neðri hluta jarðlaganna

mátti hins vegar rekja frá einu til annars frá 16. eða 17. öld aftur til 10. aldar.

Neðan við þau fannst óvænt mannvirki, 4,5 m að breidd og 7,7 m að lengd að innanmáli. Afstaða jarðлага og gjóskulagagreining benda til að húsið sé að minnsta kosti frá 12. eða 13. öld. Eftir því sem rannsókninni vindur fram verður þetta hús sífellt áhugaverðara.



Uppdráttur af meintri biskupsstofu á svæði E. Hellulögð stétt var framan við húsið og eldstæði fyrir því miðju.



Hús 10 og eldstæðið í húsinu.

Húsið er að öllum líkindum stafsværshús og er ekki óhugsandi að upphaflega hafi það eingöngu verið timburhús og torfveggirnir komið seinna. Það voru tvennar dyr á göflum. Á framhlið, sem veit nokkurn veginn í norður, hefur ekki verið torfveggur heldur timburgafl. Fyrir framan innganginn var hellulögð stétt. Húsið hefur verið stakt en ekki sambyggt eins og flest önnur hús frá sama tíma. Í gólflaginu fyrir miðju húsi

fundust leifar ekki færri en sex eldstæða, eitt þeirra hlaðið. Merki fundust um að minnsta kosti tvö byggingarskeið og á seinna eða seinni stigum hefur bakdyrum verið lokað með grjóthleðslu. Ekkert bendir til annars en að moldargólf hafi verið í húsinu. Af viðarleifum má ráða að bekkur hafi verið við langvegginn hægra megin við framdyrnar, þegar gengið er inn í húsið, og í gólfinu gegnt honum mótar fyrir öðrum bekk. Bakdyrnar

höfðu verið viðarklæddar. Stofur af þessu tagi voru í valdamiðstöðvum í þeim löndum sem íslenskir höfðingjar á miðöldum höfðu samskipti við. Í því sambandi má vísa til fornleifarannsókna á Kaupangi, Osló og Niðarósi í Noregi, Kirkjubæ í Færeyjum og Papa Stour á Hjaltlandseyjum. Því bendir margt til þess að þarna hafi verið stofa biskups sem auk þess að gegna hlutverki móttökusalar og félagsheimilis hefur verið miðstöð

opinberrar stjórnsýslu Hólastaðar. Fáir gripir fundust í húsinu, aðeins eitt brýni við eldstæði og þrjú brot úr bronsi, eitt þeirra með tinhúð, öll í suðvesturhorni hússins sem kann að hafa verið þiljað af eins og skápur. Tvö brotanna voru úr sama potti og hið þriðja sennilega úr tinkönnu. Í suðausturhorni hússins stendur uppréttur steinn úr gólfinu með grunnu krossmarki á.

Undir stofunni hafa að auki fundist mannvistarleifar frá landnámsöld. Þær benda til þess að búskapur hafi hafist á Hólum miklu fyrr en talið hefur verið.

Svæði F

Í úttektum er þess getið að göng hafi legið frá kirkjunni á Hólum að bæjarhúsum. Ummerki þeirra fundust á svæði F undir kirkjugarðsvegnum. Göngin eru nokkuð skemmd en hafa þó reynst gagnlegur fundur. Hægt var að nota lýsingar á staðsetningu þeirra og afstöðu til



Múrbindingshús á svæði F sem Guðbrandur Þorláksson biskup lét reisa árið 1587.

bæjarhúsanna í úttektum til að ákvarða að einhverju leyti húsaskipan á Hólum. Þegar rannsaka átti göngin nánar kom í ljós veggur úr múrbindingshúsi. Hann tilheyrir líklega Nýja húsi sem Guðbrandur biskup lét reisa árið 1587 suður af kirkjunni. Það var fyrsta hús landsins sem reist var í endurreisnarstíl

og þótti mikið stórvirki. Eitt horn hússins hefur verið grafið upp. Þar fundust brot úr dýrum borðbúnaði og vínflöskum auk múrsteina og timburs úr bindingsverkinu.



Teikningar af pípuleggjum eftir Eavan O'Dochartaigh, krítarpípuhaus með áletrun og skreyttir pípuleggir.

Gripir

Rannsóknir á jarðfundnum gripum geta gefið ýmsar upplýsingar við fornleifarannsóknir. Þær gefa vísbendingar um aldur, efnisnotkun, verkkunnáttu, efnahag og tengsl við önnur lönd eða héruð. Minjarnar á Hólum eru einstaklega ríkar af gripum og hingað til hafa 40.000 gripir fundist. Meðal þeirra eru leirkersbrot,

krítarpípur, gler, steináhöld, hnifar, lyklar, leikföng, taflmenn, hnappar, perlur, leður og textíll.

Fjöldinn allur af krítarpípum frá 17. og 18. öld hefur fundist, mest brot af leggjum en einnig nokkrir heillegir pípuhausar, margir fallega skreyttir og með stimpli á hælnum. Skraut getur sagt til um uppruna þeirra. Krítarpípunar

koma frá Hollandi, Englandi, Þýskalandi og Danmörku. Í einu gólflaganna í eldhúsinu (húsi 6) á svæði D fundust tveir krítarpípuhausar sem hægt var að aldursgreina. Önnur pípan er ensk og var framleidd á árunum 1640-1670 en hin er hollensk frá 1630-1640.



Lítill glerflaska.

Margir gripanna endurspegla stöðu Hóla sem höfuðból. Í múrbindingshúsinu á svæði F hafa einkum fundist brot úr verðmætum gripum. Þeirra á meðal er lítill glerflaska sem er um 7 sm á hæð. Slíkar flöskur eru sjaldgæfar en hafa þó fundist í Noregi og Þýskalandi frá 14.-17. öld. Sömuleiðis fundust tvö brot úr þrífættum bronspotti í stofunni á svæði



Fótur af bronspotti.

E en slíkir pottar voru dýrmæt eign á miðöldum.


Leirkerabrot á Hólum skipta þúsundum frá miðöldum þar til biskupsstóllinn var lagður af árið 1801, allt frá grófkenndum leir til fagaðs postulíns. Á borðum biskupa á Hólum voru leirker frá Skandinavíu, Þýskalandi, Hollandi og Bretlandi, drykkjarkönnur



Ýmis leirkerabrot.

úr þýskum steinleir, mál úr tinglerjuðum jarðleir og matarföt og diskar úr rauðleir. Arftakar Guðbrands á biskupsstóli voru engir eftirbátar hans í þessum efnum.

Fáir forngrípír segja jafnmikla sögu um lífskjör manna eins og glerílát. Brot úr vínflöskum, lyfjaglösum og máluðum glösum finnast aðeins í efnameiri býlum á 16. öld í bland



Brot úr glerflátum og myndskreytt gler.

við hversdagslegri búnað. Vínglös á Hólum voru munaðarvarningur. Þau bera snilldarhandbragði erlendra glergerðarmanna síns tíma fagurt vitni. Sama á við um glerflöskuna litlu sem forvörðum hefur tekist að líma saman Hvað kann að hafa verið í henni? Olía? Ilmefni? Smyrsl?

Hólamenn fundu víða efnivið í náttúrunni til að smíða úr, t.d. leikföng og hnífssköft úr tré eða beini, kotrur og hagldir úr hvalbeini auk torkennilegra smágripa úr unnum steini.

Hólastóll hefur alla tíð haft nán samskipti við útlönd. Bæði við höfnina í Kolkuósi og á Hólum hefur fundist innfluttur varningur frá ýmsum tímaskeiðum. Bronspottur frá miðöldum kann að vera frá Noregi, sömuleiðis kambur, einn silfurpeningur er frá Magdeburg í Þýskalandi og annar frá Englandi. Eins hafa fundist bein smáhunda sem höfðingjar báru innanklæða til að ylja sér.

Erlendra samskipta gætti einnig í trúarlegum efnum enda biskupsstóllinn

lengi undir erkibiskupnum í Niðarósi. Lítið brot úr bronsstyttnu, sem hefur verið flutt hingað yfir hafið, eru leifar af róðukrossi. Það er framan af fæti manns með gati í gegnum ristina og hafa blóðtaumar verið málaðar á fótinn.



Hvað fleira leynist í moldinni?

Fornleifarnar á Hólum bera merki gullaldar staðarins á miðöldum. Segja má að saga Hóla sé lettruð í moldina og að fornleifafræðingur nútímans vinni að því að grafa hana upp. Því fer fjarri að öll leyndarmál Hóla séu komin upp á yfirborðið því enn leynast merkileg mannvirki undir grassverðinum sem bíða þess að vera rannsökuð. Nú þegar hefur hugmyndum um upphaf og uppbyggingu staðarins verið kollvarpað. Hver veit hvaða leyndardómar verða afhjúpaðir á komandi árum?



Innsiglishringur.



Kotra.



Tréteningur og steinn með krossi.



Lítill leikfangatréhestur?



Járnbútur með hringlaga glerjum og hnífskaft með bronsskrauti.



Steinkola.



Hólarannsóknin, Hólum í Hjaltadal
551 Sauðárkróki - S: 4556300
www.holar.is/holarannsoknin